

Brjef stjórnarráðsins til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vestur- 67
amtinu um flutning þingstaðar. Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmað- 6. júní
 ur, í brjefi, dagsettu 4. þ. m., meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns og beiðni
 hreppsnefndarinnar í Hafnahreppi, vill stjórnarráðið hjer með veita samþykki sitt
 til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Merkinesi að Kirkjuvogi,
 með því skilyrði að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þing-
 halda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar,

Brjef stjórnarráðsins til stiptysfirvaldanna um makaskipti 68
kirkjujarðar. Samkvæmt allraþegnsamlegastri tillögu stjórnarráðsins hefir 6. júní
 Hans hátign konunginum 17. þ. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst
 samþykki sitt til þess að makaskipta megí jörðinni Jörvík í Breiðdal, sem heyr-
 ir undir Berufjarðarprestakall í Suðurmúlaprófastsdæmi fyrir bændajörðina $\frac{3}{4}$
 hluta af Skála í Beruneshreppi með $1\frac{1}{2}$ ásauðarkúgildi og 200 kr. milligjöf,
 með þeim skilyrðum, að milligjöfin ávaxtist undir umsjón stiptysfirvaldanna
 sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, en vaxtanna njóti bene-
 ficiarius, og að hin fyrnefnda jörð framvegis verði skoðuð sem bændajörð, að
 því er skatta og skyldur snertir, og hin síðarnefnda sem kirkjujörð.

Þetta er stiptysfirvöldunum hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar
 og frekari aðgjörða.

Brjef stjórnarráðsins til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vestur- 69
amtinu um sveitfesti þurfalings. Með brjefi, dags. 8. marz þ. á., hafið 8. júní
 þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Vestureyjafjalla-
 hreppi, þar sem hún áfrýjar úrskurði yðar, dags. 13. júní f. á., að því leyti sem
 hann ákveður að Runólfur Stefánsson skuli álitast að hafa verið sveitlægur í
 nefndum hreppi þá er hann dó í septembermánuði 1901, og að ekkja hans,
 Ingibjörg Magnúsdóttir, þarafleiðandi skuli eiga sveit í nefndum hreppi.

Þótt aðalreglan verði að vísu að vera sú að fæðingarhreppur eða viður-
 kenndur framfærsluhreppur losist þvíáðeins undan framfærsluskyldu, að full
 sönnun sje fyrir óslitinni, lögmætri 10 ára sveitfestisdvöl í öðrum hreppi og að
 sönnunarskyldan hjeraðlútandi því hvíli venjulega á fæðingarhreppnum (eða
 viðurkenndum framfærsluhreppi) sem til þess að losa sjá'fa sig halda því fram
 að sveitfesti sje unnin annarsstaðar, þá eru í þessu máli alveg sjerstakar á-
 stæður fyrir hendi, þar sem mjög miklar líkur eru til þess að Runólfur Stefán-
 son hafi unnið sjer sveit í Vestureyjafjallahreppi, þar sem hann hefir verið við-
 loda þvínær stöðugt í meira en 30 ár, en hins vegar ekkert er framkomið í
 málinu, er bendi til þess að hann á tímabilinu frá 1870—1888 hafi getað átt